

## REGLUGERÐ

### um Ábyrgðasjóð launa.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

###### *Gildissvið.*

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist greiðslu á kröfum um vangoldin laun, bætur vegna slita á ráðningarsamningi, orlof, bætur vegna vinnuslysa og lífeyrisiðgjöld í bú vinnuveitanda sem hefur staðfestu og rekur starfsemi hér á landi. Í þeim tilvikum sem vinnuveitandi hefur staðfestu í fleiri en einu ríki ábyrgist sjóðurinn kröfur vegna þeirra launamanna sem að öllu leyti eða að jafnaði inna af hendi starfsskyldur sínar hér á landi, enda njóti kröfur þeirra ekki ábyrgðar í öðru ríki.

Ábyrgð sjóðsins er háð því skilyrði að kröfur skv. 1. mgr. hafi verið viðurkenndar sem forgangskröfur skv. 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með fyrirvara um takmarkanir og frávik sem kveðið er á um í II., III. og IV. kafla laga um Ábyrgðasjóð launa nr. 88/2003.

Fari um skipti á búi vinnuveitanda samkvæmt lögum annars ríkis gilda ákvæði reglugerðar þessarar eftir því sem við á um meðferð krafna sem njóta ábyrgðar skv. 1. mgr.

###### 2. gr.

###### *Kröfugerð á hendur Ábyrgðasjóði launa.*

Um form og efni kröfugerðar á hendur Ábyrgðasjóði launa fer samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð þessari. Stjórn sjóðsins getur ákveðið að heimila að kröfum verði skilað á rafrænu formi, sbr. IX. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, með síðari breytingum.

Þegar lýst er kröfu um vangoldin laun, bætur vegna launamissis í uppsagnarfresti eða orlofslaun, sbr. 7.-9. gr. og IV. kafla þessarar reglugerðar, skal lýsa kröfu um heildarlaun án frádráttar opinberra gjalda. Ábyrgðasjóður launa gerir skil á staðgreiðslu til skattýfirvalda, sbr. 22. gr., að teknu tilliti til framlagðs skattkorts launamanns þegar við á.

Ábyrgð sjóðsins á kröfum skv. 2. mgr. takmarkast við hámarksfjárhæð sem ákveðin er í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa.

###### 3. gr.

###### *Ábyrgðartímabil o.fl.*

Ábyrgð sjóðsins tekur til krafna sem taldar eru upp í 1. gr. og fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir úrskurðardag eða réttur hefur unnist til á því tímabili. Þó er heimilt að miða ábyrgðartímabil við fresting ef sú niðurstaða er hagstæðari fyrir kröfuhafa.

Í sérstökum undantekningartilvikum er sjóðnum heimilt að ábyrgjast kröfur sem gjaldfallið hafa utan ábyrgðartímabils skv. 1. mgr., að því tilskildu að eðlilega hafi verið staðið að innheimtu þeirra.

Sjóðstjórn er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að ábyrgjast kröfur án undangenginna gjaldþrotaskipta á búi vinnuveitanda, enda liggi fyrir að vinnuveitandi hafi sannanlega hætt rekstri og tilraunir kröfuhafa til að koma fram gjaldþrotaskiptum á búi hans hafi ekki borið árangur eða kostnaður af að koma fram gjaldþroti yrði að mati sjóðstjórnar óeðlilega mikill.

Beiting heimilda skv. 2.-3. mgr. skal ekki leiða til þess að ábyrgðartímabil verði lengra en 18 mánuðir.

## 4. gr.

*Undanþágur frá ábyrgð.*

Kröfur framkvæmdastjóra og stjórnarmanna hins gjaldþrota fyrirtækis njóta ekki ábyrgðar sjóðsins. Sama gildir um kröfur launamanns sem var eigandi, einn eða ásamt maka sínum eða öðrum nákomnum, að verulegum hlut í hinu gjaldþrota fyrirtæki og hafði umtalsverð áhrif á rekstur þess.

Ábyrgðasjóði launa er heimilt að hafna kröfum maka þeirra einstaklinga sem taldir eru upp í 1. mgr., annarra skyldmenna eða þeirra sem nákomnir eru þeim að öðru leyti, ef sýnt er fram á að kröfur þeirra séu óréttmætar með tilliti til framangreindra tengsla.

Heimilt er að lækka greiðslu úr sjóðnum miðað við gerða kröfu ef krafan telst óeðlilega há miðað við það starf sem kröfuhafi gegndi, starfstíma hans og þau launakjör sem tíðkast í viðkomandi starfsgrein eða eftir atvikum í hinu gjaldþrota fyrirtæki.

Ákvæði 1.–3. mgr. taka ekki til bótakrafna skv. 10. gr.

## II. KAFLI

**Kröfur launamanna um greiðslu úr Ábyrgðasjóði launa.**

## 5. gr.

*Kröfulýsing launamanns.*

Kröfulýsing launamanns á hendur Ábyrgðasjóði launa skal vera á sérstöku eyðublaði sem sjóðurinn lætur í té. Í kröfulýsingu skal greina eftirfarandi:

- nafn, kennitölu og heimilisfang þess sem kröfu gerir auk bankareiknings kröfuhafa,
- nafn, kennitölu og heimilisfang vinnuveitanda, hvenær bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta og hver frestdagur var,
- hvaða starfi launamaður gegndi, upphaf og lok starfstíma hans, launakjör og upplýsingar um á hvaða samningum þau voru byggð,
- sundurliðun kröfu í höfuðstól, kostnað og vexti vegna hvernar einstakrar kröfu og upplýsingar um til hvaða tímabils hver krafa nær,
- yfirlýsingu þess er kröfuna gerir, sem gefin er að viðlögðum drengskap, að þau atvik sem greinir í 4. gr. séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

## 6. gr.

*Fylgigögn með kröfulýsingu launamanns.*

Eftirtalin gögn skulu fylgja kröfulýsingu launamanns til Ábyrgðasjóðs launa, eftir því sem við getur átt:

- kröfulýsing í þrotabú vinnuveitanda,
- launaseðlar,
- ráðningarsamningur eða ráðningarbréf,
- upplýsingar um atvinnutekjur í uppsagnarfresti þegar gerð er krafa skv. 8. gr,
- læknisvottorð eða önnur viðeigandi gögn, og
- gögn um innheimtuaðgerðir, svo sem kröfubréf, aðfararbeiðni, gjaldþrotaskipta-beiðni, árituð stefna eða endurrit dóms.

Telji sjóðurinn að framangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt skal gefa þeim er kröfuna gerir kost á úrbótum innan hæfilegs frests. Berist sjóðnum ekki tilskilin gögn innan þess tíma skal líta svo á að kröfuhafi hafi fallið frá kröfu sinni.

## 7. gr.

*Ábyrgð á launakröfum.*

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfu launamanns um vangoldin vinnulaun fyrir síðustu þrjá starfsmánuði hans í þjónustu vinnuveitanda. Til vinnulauna teljast greiðslur vegna umsamins vinnuframlags launamanns, þ. á m. launauppbætur, í hlutfalli við þann tíma sem krafa nýtur ábyrgðar sjóðsins.

Kröfur um endurgreiðslu útlagðs kostnaðar, svo sem vegna ferða launamanns í þágu vinnuveitanda, njóta ekki ábyrgðar skv. 1. mgr.

## 8. gr.

*Ábyrgð á launum í uppsagnarfresti.*

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfu launamanns um bætur vegna launamissis í allt að þrjá mánuði vegna slita á ráðningarsamningi.

Kröfu skv. 1. mgr. skulu fylgja gögn sem með ótvíræðum hætti sýna fram á að kröfuhafi hafi verið á vinnumarkaði og ástundað virka atvinnuleit í uppsagnarfresti. Við beitingu þessa ákvæðis skal miða við að atvinnuleit, svo sem skráning hjá opinberri vinnumiðlun, hefjist innan tveggja vikna frá starfslokum og standi markvisst yfir allan þann tíma sem ábyrgðar sjóðsins nýtur við.

Um uppgjör lífeyrисиðgjalda af kröfum skv. 1. mgr. gildir ákvæði 8. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar.

## 9. gr.

*Ábyrgð á kröfum um orlofslaun.*

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfu launamanns um vangoldin orlofslaun sem launamaður á rétt á samkvæmt lögum, kjarasamningi eða venju, og áunnin eru á ábyrgðartímabili, sbr. 4. gr.

## 10. gr.

*Bætur vegna vinnuslyss eða dauðsfalls launamanns.*

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfu launamanns um bætur vegna tjóns af völdum vinnuslyss og kröfu þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls launamanns, enda taki tryggingar vinnuveitanda ekki til bótakröfunnar.

Hafi ekki fallið dómur um réttmæti kröfu skv. 1. mgr. á Ábyrgðasjóður launa sömu varnir og vinnuveitandi óháð því hvort skiptastjóri hafi viðurkennt kröfu sem forgangskröfu í þrotabú vinnuveitanda.

## III. KAFLI

**Ábyrgð á kröfum um vangoldin lífeyrисиðgjöld.**

## 11. gr.

*Ábyrgð á lífeyrисиðgjöldum.*

Ábyrgðasjóður launa ábyrgist kröfu lífeyrissjóðs og aðila sem hafa heimild til að stunda starfsemi skv. II. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrисиréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, um vangoldin lífeyrисиðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga á ábyrgðartímabili skv. 3. gr. þessarar reglugerðar.

Ábyrgð sjóðsins takmarkast við kröfur um greiðslu á:

- a. 10% lágmarksiðgjaldi skv. 2. gr. laga nr. 129/1997,
- b. allt að 4% af iðgjaldsstofni samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd, sbr. 9. gr. laga nr. 129/1997, eða

- c. allt að 4% af iðgjaldsstofni samkvæmt ákvæðum kjarasamnings í þeim tilvikum sem ekki hefur verið gerður samningur milli launamanns og vinnuveitanda skv. b-lið þessarar málsgreinar.

Um undanþágur frá ábyrgð vegna einstakra launamanna fer skv. 4. gr. þessarar reglugerðar.

#### 12. gr.

##### *Kröfulýsing vegna lífeyrisiðgjalda.*

Kröfulýsing á hendur Ábyrgðasjóði launa samkvæmt þessum kafla skal vera á sérstöku eyðublaði sem sjóðurinn lætur í té. Í kröfulýsingu skal greina eftirfarandi atriði, eftir því sem við á:

- a. nafn og kennitölu hvers launamanns sem krafa er gerð vegna,
- b. nafn, kennitölu og heimilisfang vinnuveitanda, hvenær bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta og hver frestdagur var,
- c. sundurliðun kröfu vegna hvers launamanns skipt niður í iðgjaldatímabil,
- d. sundurliðun kröfu um viðbótarlífeyrissparnað vegna hvers launamanns skipt niður í iðgjaldatímabil,
- e. sundurliðun áfallins kostnaðar.

#### 13. gr.

##### *Fylgigögn með kröfulýsingu.*

Kröfulýsingu skv. 12. gr. skulu fylgja eftirtalin gögn, eftir því sem við á:

- a. skilagreinar lífeyrisiðgjalda,
- b. samningur um viðbótarlífeyrissparnað,
- c. upplýsingar um ákvæði kjarasamnings sem greiðslukrafa er byggð á,
- d. launaseðlar, hafi skilagreinar verið útbúnar á grundvelli þeirra,
- e. önnur viðeigandi gögn, og
- f. gögn um innheimtuaðgerðir kröfuhafa ásamt yfirliti um kostnað.

Telji sjóðurinn að framangreindum skilyrðum sé ekki fullnægt skal gefa þeim er kröfuna gerir kost á úrbótum innan tiltekins frests. Berist sjóðnum ekki tilskilin gögn innan hæfilegs frests skal líta svo á að kröfuhafi hafi fallið frá kröfu sinni.

#### 14. gr.

##### *Yfirlit til sjóðfélaga, o.fl.*

Ábyrgð sjóðsins á kröfum samkvæmt þessum kafla er háð því skilyrði að kröfuhafi sýni fram á að hann hafi uppfyllt skyldur sínar um upplýsingagjöf gagnvart sjóðfélaga og innheimtuaðgerðir vegna vanskila í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, sbr. reglugerð nr. 391/1998, með síðari breytingum.

Til að krafa um greiðslu vangoldinna iðgjalda vegna viðbótarlífeyrissparnaðar geti notið ábyrgðar sjóðsins skal vörsluaðili eigi sjaldnar en á hálfis árs fresti senda sjóðfélögum yfirlit um greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir ef sannanlega innheimt iðgjöld hafa ekki borist sjóðnum.

Ábyrgð sjóðsins á iðgjaldakröfum samkvæmt þessum kafla er háð því skilyrði að eðlilega hafi verið staðið að innheimtutilraunum af hálfu lífeyrissjóðs eða vörsluaðila. Við beitingu þessa ákvæðis skal við það miðað að innheimtuaðgerðir vegna vangoldinna iðgjalda samkvæmt innsendum skilagreinum hefjist innan þriggja mánaða frá eindaga kröfu og að innheimtuaðili geti sýnt fram á að málinu hafi verið fram haldið á eðlilegum hraða eftir þann tíma.

Iðgjöld í vanskilum sem sanna má með skilagrein, byggðri á innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og iðgjöld samkvæmt skilagrein vinnuveitanda. Lokaaðvörun til vinnuveitanda skal send innan 90 daga frá dagsetningu reglulegs yfirlits. Um innheimtu fer að öðru leyti skv. 3. mgr.

Hafi lífeyrissjóður eða vörsluaðili hafið innheimtu á grundvelli áætlunar um upphæð vangoldinna iðgjalda, byggðri á síðustu skilagrein vinnuveitanda eða samningi um viðbótarlífeyrissparnað, og sú áætlun er síðar staðfest að hluta eða að fullu með launaseðlum launamanns eða á annan hátt sem Ábyrgðasjóður launa metur fullnægjandi, skal fara um ábyrgð skv. 3. mgr.

Ef sérstaklega stendur á er Ábyrgðasjóði launa heimilt að viðurkenna kröfu lífeyrissjóðs um lágmarksiðgjald, grundvallaða á launaseðlum, þó ekki hafi verið gætt þeirra fresta sem að framan greinir, svo sem ef viðkomandi lífeyrissjóður hefur ekki í tæka tíð getað sent sjóðfélaga lögboðið yfirlit eða hafið innheimtu á grundvelli áætlunar, þar eð honum hafi ekki verið kunnugt um launagreiðandann og tilvist iðgjaldskröfunnar.

#### IV. KAFLI

##### Orlof vegna greiðsluerfiðleika vinnuveitanda.

15. gr.

###### *Ábyrgð á orlofi vegna greiðsluerfiðleika.*

Standi vinnuveitandi ekki í skilum með greiðslu orlofslauna skv. 7. eða 8. gr. laga um orlof, nr. 30/1987, án þess þó að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta, getur launamaður eða hlutaðeigandi stéttarfélag í umboði hans snúið sér til Ábyrgðasjóðs launa með orlofskröfuna.

Kröfulýsing launamanns skv. 1. mgr. skal vera á sérstöku eyðublaði sem sjóðurinn lætur í té. Í kröfulýsingu skal greina eftirfarandi:

- a. nafn, kennitölu og heimilisfang þess er kröfu gerir auk reikningsnúmers,
- b. nafn, kennitölu og heimilisfang vinnuveitanda,
- c. til hvaða tímabils krafan nær,
- d. hvaða starfi launamaður gegnir eða gegndi hjá vinnuveitanda, og
- e. yfirlýsingu þess er kröfuna gerir sem gefin er að viðlögðum drengskap um að þau atvik sem greinir í 4. gr. þessarar reglugerðar séu kröfu hans ekki til fyrirstöðu.

Kröfu um greiðslu orlofs skulu fylgja fullnægjandi gögn um fjárhæð hennar, þ.m.t. launaseðlar, og vottorð vinnuveitanda, löggilts endurskoðanda hans eða önnur staðfesting, sem sjóðurinn metur fullnægjandi, um réttmæti kröfunnar.

16. gr.

###### *Afstaða Ábyrgðasjóðs launa til orlofskröfu.*

Ef krafa launamanns uppfyllir skilyrði 15. gr. skal Ábyrgðasjóður launa þegar í stað skora á vinnuveitanda að greiða kröfuna eigi síðar en þremur vikum frá dagsetningu áskorunar.

Komi fram andmæli af hálfu vinnuveitanda sem sjóðurinn telur réttmæt, svo sem um að krafan hafi þegar verið greidd eða hún niður fallin af öðrum ástæðum, skal sjóðurinn vísa kröfunni frá. Kröfu skal einnig vísað frá ef fram er komin beiðni um gjaldþrotaskipti á búi vinnuveitanda.

Standi ákvæði 2. mgr. því ekki í vegi skal sjóðurinn innleysa kröfu launamanns eigi síðar en fimm vikum frá dagsetningu áskorunar skv. 1. mgr. Um ábyrgð sjóðsins fer að öðru leyti skv. ákvæðum 4. og 8. gr. reglugerðar þessarar og 6. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa, eftir því sem við á.

## V. KAFLI

**Kröfulýsingafrestur og umsögn skiptastjóra.**

## 17. gr.

*Frestur til að gera kröfu.*

Krafa á hendur Ábyrgðasjóði launa verður því aðeins tekin til greina að hún berist sjóðnum innan sex mánaða frá þeirri birtingu innköllunar í bú vinnuveitanda í Lögbirtingablaði er ræður lokum kröfulýsingarfrests í búið. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrir.

Hafi skiptum á dánarbúi vinnuveitanda verið lokið vegna eignaleysis, án þess að það hafi verið tekið til opinberra skipta, verður greiðslukrafa á hendur Ábyrgðasjóði launa að berast innan sex mánaða frá þeim málalokum. Ábyrgðasjóði er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrir.

## 18. gr.

*Form og efni umsagnar.*

Skiptastjóri í þrotabúi eða dánarbúi skal svo fljótt sem auðið er láta Ábyrgðasjóði launa í té skriflega umsögn um hverja þá kröfu í búið sem til álita kemur að njóti ábyrgðar sjóðsins. Skiptastjóri skal gefa álit sitt um hverja kröfu fyrir sig, þ. á m. varðandi það hvort ákvæði 4. gr. þessarar reglugerðar geti átt við um kröfuhafa. Þá skulu eftirfarandi atriði koma fram í umsögninni:

- a. úrskurðardagur gjaldþrots,
- b. frestdagur,
- c. nafn skiptabeiðanda,
- d. lok kröfulýsingarfrests,
- e. skrá yfir lýstar kröfur í búið, þar sem fram kemur hvort og að hvaða marki viðurkenndur hafi verið forgangsréttur í búið, og
- f. upplýsingar um eignastöðu búsins.

Þegar um er að ræða þær aðstæður er greinir í 2. mgr. 17. gr. skal Ábyrgðasjóður launa leita umsagnar sýslumanns, sem skiptin áttu undir, um þau atriði sem hann getur vottað varðandi kröfuna, á grundvelli gagna sem fram hafa komið við skiptameðferðina.

Ef fyrir liggur umsögn skiptastjóra án þess að greiðslukrafa hafi borist skal Ábyrgðasjóður launa gera viðkomandi aðila eða umboðsmanni hans viðvart og veita nauðsynlegar leiðbeiningar um kröfugerð á hendur sjóðnum.

## 19. gr.

*Bráðabirgðaumsögn skiptastjóra.*

Hafi skiptafundur ekki verið haldinn í búi vinnuveitanda til þess að taka afstöðu til viðurkenningar lýstra krafna, en skiptastjóri lýsir því yfir í umsögn sinni að í skrá um lýstar kröfur í búið hafi hann tekið eða muni fyrirsjáanlega taka þá afstöðu til viðurkenningar forgangsréttar kröfunnar að hann sé samþykkur henni að einhverju leyti eða öllu, er heimilt að fara með kröfu launamanns á hendur Ábyrgðasjóði launa eins og fullnægt væri skilyrðum 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar.

Hafi krafa verið greidd úr Ábyrgðasjóði launa á grundvelli slíkrar yfirlýsingar skiptastjóra, en síðar kemur fram að hafnað sé viðurkenningu forgangsréttar kröfunnar í búið,

verður sú fjárhæð sem ofgreidd hefur verið af þessum sökum, ekki endurkrafin. Þetta á þó ekki við ef um er að ræða atvik sem greinir í 28. gr.

20. gr.

*Aðilaskipti að rekstri.*

Ef atvinnurekstur hefur í heild eða að hluta verið framseldur til nýs aðila, í skilningi laga nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, áður en úrskurður um gjaldþrotaskipti var kveðinn upp skal skiptastjóri láta sjóðnum í té sérstaka umsögn um öll þau atvik sem honum er kunnugt um og skipt geta máli við mat á því hvort ábyrgð sjóðsins á kröfum starfsmanna kunnir af þeim sökum að falla brott.

VI. KAFLI

**Afgreiðsla og stjórnsýsla.**

21. gr.

*Ákvörðun um greiðslu.*

Ábyrgðasjóður launa skal að jafnaði taka afstöðu til framkominnar kröfu innan fjögurra vikna frá því að umsögn skiptastjóra skv. 18. gr. berst sjóðnum. Ef ekki er unnt að taka afstöðu til kröfu innan frests, svo sem vegna frekari gagnaöflunar, skal tilkynna það kröfuhafa eða umboðsmanni hans og gefa honum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við sjóðinn og leggja fram frekari gögn. Sjóðurinn getur óskað eftir skýringum kröfuhafa um einstaka þætti kröfu hans ef nauðsyn krefur.

Komi fram í umsögn skiptastjóra að ágreiningur sé um réttmæti kröfu hefst frestur skv. 1. mgr. þann dag sem sjóðnum berst tilkynning um lyktir ágreiningsins.

22. gr.

*Greiðslur.*

Þegar Ábyrgðasjóður launa hefur tekið ákvörðun um greiðslu kröfu skal staðreyna hvort greiðsla hafi fengist á henni að einhverju eða öllu leyti úr búi vinnuveitandans.

Um uppgjör á kröfum, þ.m.t. frádrátt vegna greiðslna frá vinnuveitanda og vegna atvinnutekna í uppsagnarfresti, fer skv. 6. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa.

Krafa skv. II. og IV. kafla skal greidd beint til viðkomandi launamanns nema hann hafi gefið öðrum umboð til að taka við greiðslu.

Krafa skv. III. kafla skal greidd lögmanni eða öðrum umboðsmanni viðkomandi lífeyrissjóðs.

Innheimtukostnaður skal greiddur lögmanni eða öðrum umboðsmanni launamanns, á grundvelli viðmiðunarreglna sem settar verða skv. 3. mgr. 9. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa.

Um greiðslu vaxta fer skv. 8. gr. laga um Ábyrgðasjóð launa.

Ábyrgðasjóði launa ber að reikna staðgreiðslu skatta á kröfur launamanna sem sjóðurinn hefur samþykkt og skila til innheimtuaðila í samræmi við ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Við uppgjör kröfu skv. 1. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar skal Ábyrgðasjóður launa greiða til lífeyrissjóðs framlag vinnuveitanda og launamanns skv. 2. gr. laga um skyldu-tryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, óháð því hvort lýst hefur verið kröfu lífeyrissjóðs vegna launa í uppsagnarfresti. Sama máli gegnir um viðbótarlífeyrissparnað samkvæmt samningi vinnuveitanda og launamanns eða samkvæmt kjarasamningi.

Ábyrgðasjóður launa skal með sannanlegum hætti tilkynna þeim er kröfu gerir og skiptastjóra í búi vinnuveitandans niðurstöðu sína um greiðsluskyldu sjóðsins. Í tilkynningu skal sundurliða þá fjárhæð sem ábyrgðar nýtur skv. II.-IV. kafla þessarar reglugerðar.

## 23. gr.

*Málskot.*

Afgreiðslu Ábyrgðasjóðs launa má skjóta til stjórnar sjóðsins innan mánaðar frá móttöku tilkynningar skv. 9. mgr. 22. gr.

Stjórnin skal að jafnaði taka afstöðu til framkominnar kæru innan tveggja mánaða frá því að kæra berst. Skorti gögn eða nánari skýringar til að unnt sé að taka afstöðu til kröfu skal miða upphaf frests við þann dag sem þessar upplýsingar berast.

Heimilt er að kæra ákvarðanir stjórnar samkvæmt lögum þessum til félagsmálaráðuneytis innan tveggja mánaða frá því að aðila barst tilkynning um ákvörðunina. Þetta skerðir þó ekki rétt aðila til að höfða mál fyrir dómstólum.

## 24. gr.

*Innlausn kröfu og fyrirvar.*

Frá því að skiptastjóra berst tilkynning Ábyrgðasjóðs launa um innlausn kröfu, sbr. 9. mgr. 22. gr., fer sjóðurinn með fyrirvar kröfu gagnvart búi vinnuveitanda að því leyti sem hann leysir kröfuna til sín. Nýtur krafa sjóðsins sömu stöðu í skuldaröð í búinu og hún hefði ella notið.

Sá sem gerir kröfu á hendur Ábyrgðasjóði launa á grundvelli reglugerðar þessarar má ekki aðhafast neitt það sem rýrt gæti endurkröfurétt sjóðsins á hendur búi vinnuveitanda. Er honum óheimilt að samþykkja, án sérstaks leyfis stjórnar sjóðsins, að kröfur fái komist að við gjaldþrotaskipti sem ekki hefur verið lýst fyrir lok kröfulýsingarfrests. Brjóti kröfuhafi eða umboðsmaður hans gegn þessu ákvæði hefur það í för með sér að ábyrgð samkvæmt reglugerð þessari fellur niður.

## VII. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 25. gr.

*Fyrirvar.*

Stjórn Ábyrgðasjóðs launa annast fyrirvar fyrir sjóðinn og gætir hagsmuna hans í umboði félagsmálaráðherra.

Vinumálastofnun annast daglega umsýslu og reikningshald sjóðsins, á grundvelli þjónustusamnings. Stofnunin skal reglulega vinna yfirlit um afkomu sjóðsins og birta á heimasíðu sjóðsins.

Stjórn Ábyrgðasjóðs launa er heimilt að gefa út yfirlýsingu til skiptastjóra um ábyrgð á greiðslu málskostnaðar fyrir héraðsdómi og/eða Hæstarétti vegna mála er varða hagsmuni sjóðsins. Sá sem óskar eftir slíkri yfirlýsingu skal rökstyðja þá ósk og gera grein fyrir þeim hagsmunum sem hann telur að Ábyrgðasjóður launa hafi af viðkomandi máli.

## 26. gr.

*Framsal.*

Hafi launamaður framselt launakröfu sína á hendur vinnuveitanda áður en bú vinnuveitanda var tekið til gjaldþrotaskipta nýtur krafan ekki ábyrgðar sjóðsins. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi eða Atvinnuleysistryggingasjóði.

Ákvæði 1. mgr. gildir einnig í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr. og IV. kafla þessarar reglugerðar.



## 27. gr.

*Upplýsingar.*

Stjórnvöldum, vinnuveitendum og öðrum hlutaðeigandi aðilum er skylt að láta Ábyrgðasjóði launa í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna afgreiðslu sjóðsins á einstökum kröfum.

## 28. gr.

*Endurkrafa.*

Hafi greiðslu verið aflað úr Ábyrgðasjóði launa með því að gefnar hafi verið rangar upplýsingar eða leynt hafi verið atriðum, sem leitt hefðu til synjunar eða lækkunar á greiðslu úr sjóðnum samkvæmt lögum þessum, ber þeim er greiðsluna fékk að endurgreiða þá fjárhæð sem hann hefur ranglega fengið.

Krafa um endurgreiðslu skv. 1. mgr. fellur úr gildi fyrir fyrningu þegar tvö ár eru liðin frá því að greiðsla átti sér stað.

Telji stjórn Ábyrgðasjóðs launa að greiðslu hafi verið aflað eða reynt hafi verið að afla greiðslu úr sjóðnum með sagnæmum hætti skal málinu vísað til opinberrar rannsóknar.

## VIII. KAFLI

**Önnur ákvæði.**

## 29. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 27. gr. laga nr. 88/2003 um Ábyrgðasjóð launa, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 33/1995, um lífeyrissjóðsgreiðslur ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. júní 2003.*

**Árni Magnússon.**

\_\_\_\_\_  
*Gylfi Kristinsson.*